



KLETTAKLIFUR Í NORÐURFIRÐI

JÓNAS G. SIGURÐSSON




EFNISYFIRLIT

LEIÐIN TIL NORÐURFJARÐAR.....	3
NORÐURFJÖRÐUR OG NÁGRENNI.....	7
EIÐISHAMRAR.....	15
SÖGU SEKTOR.....	17
TÆKNI & VÍSINDA SEKTOR.....	19
ÍÞRÓTTA OG LEIKJASEKTOR.....	21
DÆGRARÐVALAR SEKTOR.....	23
STEINSTÚN.....	25
LANDAFRÆÐI SEKTOR.....	27
BÓKMENNTA & LISTA SEKTOR.....	28
GRJÓTGLÍMA Á STRÖNDUM.....	31
ÞRJÁTÍUÐALASTAPI.....	32
VIÐAUKI.....	33
HEIMILDASKRÁ.....	37

Forsíða: Sydney Gunnarson klifrar
Blóðbað 5.10a, sjá leið á bls. 15

LEIÐIN TIL NORÐURFJARÐAR

Frá Reykjavík eru 328 km til Norðurfjarðar og ætti aksturinn að taka fjórar klukkustundir og 56 mínútur. Innfæddir Norðfirðingar tala um að það séu fjórir tímar til Reykjavíkur en það virðist vera full hratt ef farið er eftir umferðarlögum. Úr Reykjavík er ekið eftir Vesturlandsvegi (1), þar til komið er að Vestfjarðarvegi (60). Vestfjarðavegurinn byrjar á því að fara yfir Bröttubrekku, í gegnum Búðadal og stuttu síðar yfir Gilsfjörð. Rétt eftir Gilsfjörðinn er beygt inn á Djúpveg (61) en hann leiðir alla leið í Hólmavík.



Frá Ísafirði eru 305 km til Norðurfjarðar og ætti sá akstur að taka fjórar klukkustundir og 33 mínútur. Frá Ísafirði er ekið eftir Djúpvegi (61) út Ísafjarðardjúp. Við botn Djúpsins er farið yfir Steingrímsfjarðarheiði og rétt áður en komið er í Hólmavík er beygt til vinstri inn Strandaveg (643).

Frá Akureyri er í lengsta aksturfarlægðin í Norðurfjörð af þessum þremur höfuðstöðum sem hér eru tilteknir. Akstursvegalengdin er 452 km og það ætti að taka sex klukkustundir og 21 mínútu. Frá Akureyri er ekið eftir Hringvegi (1) til “suðurs” eða vestur eins og stefnan liggur í raun. Sá vegur fær nafnið Norðurlandsvegur (1) á einhverjum tímapunkti. Rétt áður en komið er að Staðarskála er beygt inn Innstrandaveg (68) og honum er fylgt alla leið í Hólmavík.



Ef að það tekst að komast til Hólmavíkur, þá er farið **frá Hólmavík** og er ekið rétt út fyrir bæinn eftir Djúpveg (61) og beygt inn Strandaveg (643). Þeim vegi er fylgt u.þ.b. 100 km þar til að komið er í sjálfan Norðurfjörðinn. Strandvegurinn (643) verður fljótlega að malarvegi eftir að beygt er inn á hann, um 80 km af leiðinni í Norðurfjörð eru ómalbikaðir. Þessi hluti vegarinn er samt sem áður mjög góður og fær öllum fólksbílum.

Þegar komið er í Norðurfjörð er Tjaldsvæðið Urðartindur það fyrsta sem keyrt er framhjá og því næst kemur tjaldsvæði Ferðafélags Íslands. Á milli þessara tveggja tjaldsvæða er vegur sem er merktur **Munaðarnes** og liggur hann út að sumarhúsinu Munaðarnesi. Frá veginum er gott útsýni yfir á Drangskörð á góðum degi. Þessi vegur liggur líka akkúrat meðfram klettabeltinu og hægt er að leggja bílum meðfram þessum vegi, svo lengi sem að þeir loka alls ekki fyrir umferð.

Frá Munaðarnesveginum er um það bil 10 mínútna gangur upp að klifurleiðunum.

AUGGLYSING

NORÐURFJÖRÐUR OG NÁGRENNI

SAGA BYGGÐAR Í NORÐURFIRÐI OG Á STRÖNDUM

Í Landnámu eru nefndir 16 landnámsmenn á Ströndum. Þeir byggðu bæi sína á Dröngum, í Bjarnarfirði, í Kaldbaksvík og í Steingrímsfirði.

Árið 1613 benda fyrstu heimildir til þess að Baskneskir hvalveiðimenn hafi komið til Stranda. Líklegt þykir að þeir hafi sett upp Hvalstöð á Strákatanga. Þessar heimildir benda til þess að Baskarnir hafi átt vinsamleg samskipti við innfædda.

Árið 1615 komu hins vegar upp deilur sem mátti rekja til stuldurs á harðfisk. Þessar deilur leiddu það af sér að Baskar voru dæmdir útlagar. Í kjölfar þess voru þeir langflestir drepnir, yfir 80 Baskneskir hvalveiðimenn. Þessi atburður er þekktur sem Baskavígin og er síðasta skráða fjöldamorðið á Íslandi.

Þrír menn eru brenndir á báli 20. og 25. september 1654 og má segja að sá atburður marki upphaf brennualdarinnar á Ströndum. Á galdraöldinni komu upp ýmskonar galdratengd mál en talað er um að galdraöldinni ljúki 1691 þegar að galdramáli sem hafði verið dæmt líflát var breytt í æfilanga útleið.

Borðeyri við Hrútafjörð varð síðan löggiltur verslunarstaður árið 1846 og tveimur árum síðar kom þangað fyrsta verslunarskipið. Meðal fyrstu kaupmanna þar var Richard P. Riis sem reisti þar verslunarhús sem enn standa. Hann hóf síðan verslun á Hólmavík í Steingrímsfirði sem tók að byggjast upp um 1895, fimm árum eftir að staðurinn varð löggiltur verslunarstaður. Brátt varð þorpið að höfuðstað sýslunnar og þar var staðsettur héraðslæknir frá 1903, grunnskóli reistur 1910 og sýslumannsembættið frá 1938. Elsta starfandi kaupfélag landsins, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, var stofnað 1898 og rekur enn verslun á staðnum og er með útibú á Drangsnesi og Norðurfirði.¹

TYRKJARÁNIÐ 5.11A:
Sjá á blaðsíðu 17.

SAGA KLIFURS Í NORÐURFIRÐI

Upp úr aldamótum 21. Aldar eyddi Stefán Steinar Smárasson einhverjum tíma í Norðurfirði. Honum leist þokkalega á klettana og ákvað að bolta nokkrar leiðir, svipað og hann hefur gert vítt og breytt um landið. Stefán boltaði tvær leiðir í Eiðishömrum, eina leið á Sögu sectornum, sú leið skiptist í tvennt um miðju og skildi hann hægri leiðina eftir óklífraða og eina leið á Tækni og vísinda sectornum, einnig boltaði hann tvær leiðir á ytri sectornum við Steinstún.

Stefán seig niður í fleiri leiðir sem að litu vel út frá jörðinni en lenti einhverstaðar í því að mikið væri um laust grjót og varð því frá að hverfa til að verða ekki fyrir.

Svæðið var kynnt fyrir klifrurum sem hin besta skemmtun. Á hjara veraldar væru fjórar klifurleiðir og eitt óklífrað verkefni, bergið væri laust í sér og þar bæri að klifra með hjálm. Þetta er fyrir tíma myndavélasíma svo að meðferðis fylgdu engar myndir. Þetta náði ekki að vekja athygli íslenskra klifrara svo að fáir lögðu í fjögurra tíma akstur til að finna fjórar leiðir í vondu bergi og með

tíð og tíma fellur svæðið í hálfgerða gleymsku og meðal annars glatast nöfnin á leiðunum.

Einhverntíman um 2005 leggur Hjalti Rafn Guðmundsson leið sína í Norðurfjörð til að skoða hvað Stefán hafði sett upp. Hann byrjar einnig að síga og skoða nýjar leiðir og byrjar eitthvað að skoða og setur inn einhverja bolta, án þess að fullklára þar leið.

Næst kemur Norðurfjörður inn í sögu klifrara árið 2016. Þá eru Magnús Arturo Batista og Bryndís Bjarnadóttir að ferðast um á svæðinu en Magnús á ættir að rekja í Djúpuvík. Þau ganga undir klettana og sjá að þarna eru áhugaverðir klettur á ferð sem að bjóða upp á gríðalegt magn af flottu klifri. Magnús sýnir Jónasi G. Sigurðssyni myndir af svæðinu og vekur upp áhuga á að þetta gæti verið skemmtileg viðbót fyrir klifur á Íslandi. Jónas grefst aðeins fyrir um svæðið og spjallar við Stefán. Ákveðið er að sjá til og keyra alla leið frá Skaftafelli og Hnappavöllum og Norður á Strandir fyrir langa helgi af því að finna og prófa leiðirnar sem voru nú þegar til staðar og meðferðis er borvél og járn ef ske kynni að þeim litist á að bæta leið við á svæðið.

Svæðið á auðvelt með að heilla ef maður kemur sér á staðinn og ekki stóð á því að þarna vildu þeir gera leið og varð stór, breiður og augljós veggur í Eiðishömrum fyrir valinu. Jónas og Magnús tóku til við að bursta vegginn. Úr varð leið sem að fékk vinnuheitið Galdrafár á meðan að hún var í vinnslu. Um leið og leiðin var tilbúin fór fólk að prófa leiðina, það fór ekki betur en svo að Erla Guðný Helgadóttir nældi sér í opið ökklabrot, sjá nánar í viðauka. Þetta varð til þess að ákveðið var að geyma nafnið Galdrafár til betri tíma og leiðin hlaut nafnið Blóðbað í staðinn til að mynnast þessarar blóðugu sögu leiðarinnar. Líkt og Íslandssagan, þá er leiðin orðin nokkuð siðmenntuð í dag, þó svo að hún eigi blóðuga fortíð. Árið 2017 bætti Erla Guðný nýjum bolta í Blóðbað til að gera erfiðasta kaflann öruggari og árið 2021 lokaði hún þessari sögu með því að klára að leiða leiðina alveg upp í topp.

Veturinn eftir þessa ferð í Norðurfjörð var ákveðið að fara af stað með boltunarverkefni til að koma upp fleiri verkefnum á svæðinu, því að þarna skortir ekki berg og flottar línur. Leitað var stuðnings til Íslenska alpaklúbbsins, Klifurhússins, Boltasjóðs og GG – sport, allir tóku vel í og leist vel á. Í júlí 2017 var lagt í næstu klifurferð í Norðurfjörð. Þar litu þrjár nýjar leiðir dagsins ljós, Galdrafár, Nábrækur og Tilberi ásamt því að hafist var handa á öðrum verkefnum og bolta bætt í frægustu leið svæðisins, Blóðabað.

Síðan 2017 hafa nokkrar ferðir verið farnar á hverju sumri. Hægt og rólega tínast inn leiðir og klifursamfélagið að verða áhugasamara um klettklifur á Ströndum.

2021 fékk Íslenski Alpaklúbburinn styrk upp á 400.000 frá Brothættum byggðum - Áfram Árneshreppur. Styrkurinn var fyrir kaupum á búnaði og kostnaði við áframhaldandi uppbyggingu klettklifursvæðis í Norðurfirði.

AÐSTAÐA

Í Norðurfirði er í boði alskonar þjónusta og ekki er langt að fara yfir í Djúpuvík eða jafnvel á Hólmavík ef mikið vantar.

Tvö tjaldsvæði eru starfrækt í Norðurfirði, hlið við hlið. Það eru tjaldsvæðin Urðartindur og tjaldsvæði Ferðafélags Íslands. Einnig er tjaldsvæði við skólan í Trékyllisvík og í Ófeigsfirði, þar sem að vegurinn endar.


Á svæðinu er ein besta sundlaug landsins, Krossneslaug, sem er opin allan sólarhringinn! Gjaldið í laugina er 700 kr fyrir fullorðna (200 kr fyrir börn) en einnig er í boði að kaupa sumarkort sem gildir allt sumarið.

Helsti kjarni staðarins er svo með kaupfélag sem selur helstu nauðsynjavörur, kaffihús sem selur príðis góða hamborgara og heimilismat og litla höfn sem að bæði tekur við fiski og sér um eitthvað af bátsferðum út á Hornstrandir.

JARÐFRÆÐI (EFTIR ERLU G. HELGADÓTTUR)

Norðurfjörður er á Vestfjörðum og er jarðfræði þessa hluta landsins þekkt fyrir að samanstanda af allt að 16 milljóna ára gömlum basalhraunbreiðum. Í klettunum við Krossnesfjall eru berggerðir sem eru mjög ólíkar þeim berggerðum sem einkenna Vestfirðina og er það líklega ein af ástæðum þess að aðstæður til klifurs eru góðar á svæðinu og betri en algengt er á Íslandi.

Á kortinu hér að neðan frá ÍSOR sést að utan í Krossnesfjalli er önnur bergtegund (merkt með gulum lit) en umhverfis er allt berg merkt með bláum lit. Blár gefur til



kynna basískt og ísúrt gosberg og setlög frá mið-míósen (>11 m. ára). Á kortinu sjást útlínur fornu megineldstöðvarinnar sem kallast Árnes-eldstöðin og er hún um 12 m.ára. Gulur gefur til kynna súrt gosberg frá tertíer og ísöld (> 11.000 ára) og er bergið í Krossnesfjalli túlkað sem líparít/ríólít.

UM LEIÐAVÍSINN

Eins og er eru rétt yfir 40 leiðir skráðar í leiðavísinum. Þetta mun vonandi aukast enn frekar á komandi árum. Stefnt er að gefa út uppfærslu á þessum leiðavísi árlega, svipað og gert hefur verið fyrir Hnappavallaleiðavísinn.

Allar upplýsingar sem að einstaklingar kunna að hafa um svæðið sem að þeir telja að eigi erindi í þennan leiðavísi eða ef að fyrirtæki eða einstaklingar vilja auglýsa í þessum leiðavísi til að fjármagna prentun og útgáfu, mega endilega setja sig í samband við höfund í gegnum jonnigs@gmail.com.


NAFNÞIFTIR.

Upp er komin nokkuð sérstök staða fyrir klifrara að koma á svæði með nokkrum klifurleiðum en öll nöfn eru óþekkt. Þetta er því einstakt tækifæri til að hafa ákveðið þema í nafnþiftum klifurleiða á svæðinu. Undir Eiðishömrum eru fjögur undirsvæði og á Steinstúni eru þau tvö, samtals sex. Skemmtilega vill til að þetta eru akkúrat jafn mörg svæði eins og það eru spurningarflokkar í hinu sívinsæla spili Trivial Pursuit. Nafnþiftir á svæðinu hafa því miðast við að fylgja þessu, til að fá skemmtilegan blæ á svæðið ásamt því að nú þarf hver leiðasmiður að vera ansi snjall í nafnþiftum og tengingum inn á þema hvers svæðis fyrir sig. Engin krafa er um að tengingar séu augljósar eða beinar. Aftast í viðauka má sjá útlistun á því hvernig hvert nafn tengist inn á þema hvers sectors og sagan á bak við nafnþiftina, því oft er merking nafna tví- eða þrískipt

Trivial pursuit er spil sem flestir Íslendingar ættu að þekkja. Spilið er upprunið í Kanada og kom fyrst út þar árið 1982. Ekki leið á löngu þar til að það var gefið út hérlendis og hefur verið vinsælt allar götur síðan. Árið 2008 var vörumerkið selt til borðspila risans Hasbro. Síðan þá hefur ekki verið gefin út ný útgáfa af trivial pursuit á íslensku vegna þess að það hefur ekki þótt vera líklegt til að standa undir kostnaði. Fullyrðingum um að spilið verði aldrei aftur selt á Íslandi hefur verið fleygt fram en við getum aðeins beðið og vonað.

Spurningaflokkarnir í Trivial pursuit eru: Saga, tækni & vísindi, íþróttir og leikir, dægradvöl, landafræði og bókmenntir & listir. Fyrir suma af þessum flokkum er auðvelt að finna helling af nöfnum til að geta tengt við þema hvers og eins sectors, en aðrir eru strembnari.

Í söguflokkinn er þokkalega auðvelt að finna nöfn. Hægt er að leita í Íslandssöguna stuttu eftir landnám, víkingabardaga úr Njálu, Grettissögu eða Gíslasögu Súrssonar. einnig er hægt að vísa í sögu Strandana sem einkennist af miklu leiti af Brennuöldinni og galdrafárinu í kringum hana. Svo er hægt að leita í nútíma sögu, merkis atburði sem gerðust síðasta áratuginn, bankahrunið, búsáholdabyltingin, skiptin sem við lentum í öðru sæti í Eurovision eða bara hvað sem er!



Flokkurinn sem viðkemur tækni og vísindum er einnig nokkuð breiður. Til að nefna nokkrar vísindagreinar þá er hægt að leita í: Líffræði, jarðfræði, veðurfræði, jöklafræði, sameindalíffræði, verkfræði greinar, tölvunarfræði, efnafræði eða eðlisfræði. Hver þessara greina fjallar um nokkuð stórt svið sem inniheldur heilan heim af fróðleik og hugmyndum af góðum leiðanöfnum.

Íþróttir og leikir er aðeins snúnara þema til að vinna með, en ekki alveg ónýtt. Það er ekki mjög frumlegt að skýra leiðir eftir íþróttagreinum, leiðirnar Handbolti og Fótbolti hljóma eitthvað furðulega. Hver íþróttagrein á sér samt heilan heim af hugtökum og orðaforða, líkt og við þekkjum úr klifri, sem gætu veitt einhvern innblástur. Ef hinsvegar er einblýnt á leikjahluta þemasins, þá er annað uppi á teningnum, því ansi margt getur flokkast sem leikur. Hugtök úr yatzee, póker, blackjack, skák (sem er vissulega íþrótt líka) eða tölvuleikjum, gætu komið vel út sem leiðanöfn.

Dægradvöl hljómar í fyrstu sem einstaklega leiðinlegt nafn eða þema en við nánari athugun þá er ansi margt sem telur til dægradvalar eða afþreyingar. Bíómyndir, sjónvarpsþættir, tónlist eða tölvuleikir gætu allir flokkast sem dægradvöl og þar er heill hafsjór til að vinna með. Til að einfalda málin er sennilega best að undanskilja tölvuleiki fyrir Íþrótt & leikja sectorinn.

Landafræði er fræðigrein sem snýr að samspili náttúru og mannlífs á jörðinni. Landafræði er svo frekar skipt niður í náttúrulandafræði og mannvistarlandafræði, hvor um sig með marga undirflokka. Ef að eitthvað tengist jörðinni eða einhverju sem mannflókið gerir, þá getur það tengst

inn á Landafræði svæðið.

Að lokum er það bókmennta & lista þemað. Þar er af nægu að taka en margir gætu þurft að lesa sér til áður en gott nafn er ákveðið. Bókmenntir er ansi stór biti. Þar er hægt að vísa beint í einstaka titla, innihald bóka eða boðskap sem bókin skilar til lesanda. Listir eru einnig stór flokkur sem skiptist niður í fjöldan allan af undirflokkum og er sístækkandi.

GRÁÐUN LEIÐA

Sportklifur í Norðurfirði sker sig frá öðru klifri á Íslandi að því leiti að það er nánast allt talsvert hærra en sportklifur á öðrum svæðum um landið. Oft hefur fólk haft orð á því að íslenskar klifurgráður séu talsvert stífar eða „sadbagged“ eins og fólk kemst að orði. Hluta þess er hægt að rekja til þess að erfiðleikagráðurnar á fyrstu boltuðu leiðunum voru svolítið skot út í myrkrið því að fáir höfðu klifrað í útlöndum og fyrir þá sem höfðu klifrað í útlöndum, þá var klifrið hér talsvert frábrugðið. Önnur ástæða þess að gráðurar eru stífari á Íslandi en gengur og gerist í útlöndum er að gráðan deilist niður á færri lengdarmetra og því geta verið erfiðari hreyfingar í leiðinni, án þess að ástæða sé til að hækka gráðuna mikið. Fólk getur gert sér í hugarlund að erfiðara er að klifra krúx sem er ofarlega í klifurleið á móti því að klifra sama krúx rétt við jörðina með ferskar hendur.

Gráðun klifurleiða í Norðurfirði á því meira skylt með gráðun klifurleiða á Spáni heldur en á Hnappavöllum þar sem að í flestum tilfellum er erfiðleikagráðan að deilast yfir fleiri lengdarmetra og einstakar hreyfingar geta því verið léttari en stakarhreyfingar í stuttum leiðum á Hnappavöllum. Þetta þýðir ekki að Norðurfjörður sé að búa til ósamræmi í gráðun leiða á Íslandi heldur að leiðirnar í Norðurfirði eru öðruvísi en aðrar leiðir og því ekki fullkomnlega sambærilegar, svipað og það er erfitt að bera saman grjótglímupraut og stutta sportklifurleið og af sama skapi er erfitt að bera saman stutta sportklifurleið við langa sportklifurleið.

BOLTUN NÝRRA LEIÐA



Fyrir höndum er stórt verkefni að gera Norðurfjörð af almennilegu sportklifursvæði og margar flottar línur eru í boði. Samt sem áður má ekki ana fram og bolta hvað sem er í einhverkonar kappi. Það



boltana virði, áður en að rokið er í hreinsun og boltun.

Þeir sem sjá um boltun á Íslandi verða að vera reyndir klifrarar og með ríka reynslu af klifri á



Íslandi, því það að bolta leið er vandaverk og snúnara en það kann að virðast fyrir þann sem ekki þekkir til. Þeir sem telja sig uppfylla það sem þarf til að bolta klifurleiðir get haft samband við boltasjóð Klifurhússins. Eins og er er höfundur einnig með ríflega 300 bolta og augu frá þeim sem hafa styrkt boltunarverkefni í Norðurfirði svo að best er að hafa samband þangað, þar til að sá forði klárast.

Fyrir þá sem hafa áhuga á að glöggva sig betur á boltun klifurleiða, þá skrifaði Jón Viðar Sigurðsson góða grein um málið fyrir nokkrum

árum. Greinina má finna á:

<http://klifurhusid.is/wp-content/uploads/2012/04/Boltun-klifurlei%C3%B0a.pdf>.

EIÐISHAMRAR



EIÐISHAMRAR skiptast í fjögur megin undirsvæði. Það eru:

SÖGUSVÆÐI, merkt með gulu. Hér vísa nöfn leiðana í annaðhvort sagnfræðilegar sögur eða heimildir annarsvegar og þjóðsögur hinsvegar. Hér er að finna leiðir á borð við Dalalæðu 5.8, Blóðbað 5.10a, Sauður í bjarnarfeld 5.10b og Tyrkjaránið 5.11a

TÆKNI & VÍSINDASVÆÐI, merkt með grænu. Vinstra megin á svæðinu er áberandi snúinn stuðull sem mynnir á DNA og það er hans vegna sem þessi sector varð Tækni & vísinda sectornum. Hér í leiðarvísinum er DNA merkt inn sem leið í vinnslu, án þess að það sé einhver í rauninni að vinna í leiðinni. Leiðin er opin fyrir því að vera boltuð en nafnið DNA er nokkuð augljóst val á þessa leið.

ÍÞRÓTTA & LEIKJASVÆÐI, merkt með appelsínugulu. Á þessu svæði vísa nöfn leiðana í hina ýmsu hluti sem tengjas íþróttum en einnig hluti sem gætu tengst tölvuleikjum, borðspilum eða öðrum leikjum. Hér er ein boltuð leið og ein dótaklifurleið sem komið er. Veggirnir á þessu svæði eru um 40m en eru af hluta skornir í sundur af stórri sillu sem liggur á ská í gegnum klettabeltið.

DÆGRARÐVALARSVÆÐI, merkt með bleiku. Hér vísa nöfn leiða í eitthvað sem við kemur tónlist, bío myndum, sjónvarpsþáttum eða annari afþreyingu. Þetta svæði er frekar hátt og bjóða veggirnir upp á flotta möguleika til fjölspannaklifurs.



SÖGUSVÆÐI



1.		GRJÓTKAST - 5.10A <i>Friðfinnur Gísli Skúlason, Jón Heiðar Rúnarsson & Ólafur Páll Jónsson - 2019</i>	12 M / 6 BOLTAR
2.		ELDI BRANDUR - 5.11B <i>Friðfinnur Gísli Skúlason, Jón Heiðar Rúnarsson & Sindri Ingólfsson - 2020</i>	12 M / 6 BOLTAR
3.		ÓLYMPIUFARI - 5.10D <i>Holly Spice - 2021</i>	12 M / 7 BOLTAR
4.		BLÓMIN Á ÞAKINU - 5.9 <i>Bryndís Bjarnadóttir & Magnús Arturo Batista - 2017</i>	12 M / 6 BOLTAR
5.		TÝNDA SÍLDIN - 5.10B/C <i>Bryndís Bjarnadóttir & Magnús Arturo Batista - 2017</i>	17 M / 9 BOLTAR
6.		NORNAHÁR - 5.8 - TRAD <i>Catherine Gallagher & Robert A. Askew - 2021</i>	19 M / 6 BOLTAR
7.		SÍLDARÁRIN - 5.8/9 <i>Bjarnheiður Kristinsdóttir & Jónas G. Sigurðsson - 2019</i>	22 M / 8 BOLTAR
8.		DALALÆÐA - 5.8 <i>Catherine Gallagher & Robert A. Askew - 2019</i>	22 M / 9 BOLTAR
9.		OTTOMAN - 5.10D <i>Jafet Bjarkar Björnsson - 2021</i>	18 M / 10 BOLTAR
10.		TYRKJA-GUDDA - 5.10A <i>Jafet Bjarkar Björnsson - 2021</i>	18 M / 12 BOLTAR
11.		TYRKJARÁNIÐ - 5.11A <i>Jónas G. Sigurðsson - 2019</i>	25 M / 10 BOLTAR
12.		BASKAVÍGIN - 5.9 <i>Jónas G. Sigurðsson & Nóa Sólrún Guðjónsdóttir - 2019</i>	25 M / 11 BOLTAR
13.		LANDNÁM - 5.10C <i>Stefán S. Smáráson - 2000</i>	27 M / 11 BOLTAR

14.		SÍÐASKIPTIN - 5.10C <i>Sigurður Ýmir Richter & Stefán S. Smáráson - 2020</i>	27 M / 11 BOLTAR
15.		GRALLARINN Í GÚTTÓ - 5.10B - TRAD <i>Sigurður Ýmir Richter - 2020</i>	27 M / 6 BOLTAR
16.		SAUÐUR Í BJARNARFELD - 5.10B <i>Robert A. Askew - 2020</i>	27 M / 10 BOLTAR
17.		LEIÐ Í VINNSLU - TRÉKYLLIR <i>Leið sem var byrjað á en enginn er að vinna í sem stendur</i>	28 M / 4 BOLTAR
18.		BLÓÐBAÐ - 5.10A <i>Jónas G. Sigurðsson & Magnús A. Batista - 2016</i>	28 M / 12 BOLTAR
19.		ÞORSKASTRÍÐIÐ - 5.9 <i>Daniel Ben-Yehoshua - 2019</i>	23 M / 9 BOLTAR
20.		DRAGAKÁLFURINN SLORSI - 5.8 <i>Bryndís Bjarnadóttir & Magnús A. Batista - 2018</i>	20 M / 8 BOLTAR
21.		LEIÐ Í VINNSLU <i>Jónas G. Sigurðsson - 2020</i>	XX M / XX BOLTAR
22.		GUÐ BLESSI ÍSLAND - 5.11A <i>Dóra S. Ásmundardóttir & Sindri Ingólfsson - 2020</i>	22 M / 8 BOLTAR
23.		TILBERI - 5.9 <i>Michael R. Walker - 2017</i>	28 M / 12 BOLTAR
24.		NÁBRÆKUR - 5.8 <i>Erla G. Helgadóttir og Jónas G. Sigurðsson - 2017</i>	27 M / 12 BOLTAR
25.		GALDRAFÁR - 5.6 <i>Jónas G. Sigurðsson - 2017</i>	25 M / 10 BOLTAR
26.			XX M / XX BOLTAR

TÆKNI & VÍSINDASVÆÐI



1.	☐	KINDIN DÖLLÝ - 5.9 - TRAD	20 M / 0 BOLTAR
		<i>Catherine Gallager & Robert A. Askew - 2021</i>	
2.	☐	LEIÐ Í VINNSLU - DNA	XX M / XX BOLTAR
		<i>Augljós lína sem leiðasmið er velkomið að bolta</i>	
3.	☐	IT MUST BE SOME KIND OF... HOT TUB TIME MACHINE - 5.10A R - TRAD	23 M / 0 BOLTAR
		<i>Robert A. Askew - 2021</i>	
4.	☐	GRASAFRÆÐI - 5.7	23 M / 9 BOLTAR
		<i>Katarína E. Sigurjónsdóttir, Sigríður P. Flygenring & Jónas G. Sigurðsson - 2020</i>	
5.	☐	NÝJASTA TÆKNI OG VÍSINDI - 5.8 - TRAD	23 M / 0 BOLTAR
		<i>Magnús Ólafur Magnússon & Sigurður Ýmir Richter - 2020</i>	
6.	☐	LAZER SHOW - 5.12B	18 M / 8 BOLTAR
		<i>Emil B. Sigurjónsson, Stefán Ö. Stefánsson & Jónas G. Sigurðsson - 2020</i>	
7.	☐	AKADEMÍA - 5.10B	23 M / 10 BOLTAR
		<i>Dóra S. Ásmundardóttir, Jónas G. Sigurðsson & Sindri Ingólfsson - 2020</i>	
8.	☐	COVIDAVIRUS - 5.8/5.7	23-15 M // 12-6 BOLTAR
		<i>Ólafur P. Jónsson - 2020</i>	
9.	☐	RITVÉLIN - 5.11B	15 M / 10 BOLTAR
		<i>Stefán S. Smáráson - 2000</i>	
10.	☐	STRENGJAFRÆÐI - 5.7	28 M / 10 BOLTAR
		<i>Jónas G. Sigurðsson & Ólafur P. Jónsson - 2019</i>	
11.	☐	LEIÐ Í VINNSLU - NIFTEIND	10 M / 0 BOLTAR
		<i>Ólafur P. Jónsson - 2019</i>	
12.	☐		XX M / XX BOLTAR




Magnús A. Batista klífrar Ritvéina 5.11b



ÍÞRÓTTA & LEIKJASVÆÐI

1.	☐	PÍLA - 5.11C <i>Bryndís Bjarnadóttir & Magnús Arturo Batista - 2020</i>	25 M / 11 BOLTAR
2.	☐	GRETTISBELTIÐ - 5.11A - TRAD <i>Sigurður Ý. Richter - 2020</i>	40 M / 10 BOLTAR
3.	☐	KRULLA - 5.5/6 <i>Jónas G. Sigurðsson - 2022</i>	22 M / 9 BOLTAR
4.	☐	KOLLHNÍS - 5.7 <i>Elísabet Thea Kristjánsdóttir & Emil Bjartur Sigurjónsson - 2022</i>	22 M / 11 BOLTAR
5.	☐	PÓGÓ - 5.4 <i>Jónas G. Sigurðsson - 2022</i>	10 M / 5 BOLTAR
6.	☐		
7.	☐		
8.	☐		
9.	☐		





DÆGRARDVALARSVÆÐI

1.	☐	JAJA DING DONG - 5.9 / 5.8 <i>Jónas G. Sigurðsson - 2020</i>	30 - 15 M // 9 - 5 BOLTAR
2.	☐	FIÐLARINN Í ÞAKINU - 5.13A <i>Jafet Bjarkar Björnsson & Þórður Sævarsson - 2021</i>	XX M / XX BOLTAR
3.	☐	ÍSBJARNARBLÚS 5.6 / 5.11 / 5.? - LEIÐ Í VINSLU <i>Jónas G. Sigurðsson og Þórður Sævarsson - 2017</i>	25 - 18 - XX M // 10 - XX - XX BOLTAR
4.	☐	BLAÐAHLAUPARINN - LEIÐ Í VINNSLU <i>Þórður Sævarsson - 2020</i>	40M / XX BOLTAR
5.	☐	SUNDANCE - 5.11D <i>Rory Harrison - 2022</i>	14M/ 8 BOLTAR
6.	☐		
7.	☐		
8.	☐		
9.	☐		





Að ofan: Óþekktur klifrari í Þorskastríðinu, mynd Rory Harrison
Til hægri: Jónas G. Sigurðsson frumfer Tyrkjaránið, mynd Rob A. Askew

STEINSTÚN



STEINSTÚN inniheldur tvö undirsvæði.

LANDAFRÆÐISVÆÐIÐ, merkt með bláu. Hér eru tvær leiðir boltaðar af Stefáni S. Smárasyni uppúr aldamótum. Vinstra megin á þessu svæði er frekar hár veggur sem býður upp á flottar leiðir og hægra megin á veggnum er lítið gil þar sem boltuðu leiðirnar eru og hellings pláss fyrir fleiri leiðir.

BÓKMENNTA & LISTASVÆÐIÐ sem er merkt með brúnu. Hér eru þrjár boltaðar leiðir. Á þessu svæði er mjög stór stuðull sem hallar um 30° eða svo og gæti boðið upp á mjög erfiðar leiðir.



LANDAFRÆÐI SVÆÐI



1.	☐	TRANSILVÁNÍA - 5.10B - TRAD <i>Ólafur Þór Kristinsson - 2020</i>	25 M/ ⬠ BOLTAR
2.	☐	TÉKKÓSLÓVAKÍA - 5.10 <i>Stefán S. Smáráson - 2000</i>	XX M/ XX BOLTAR
3.	☐	JÚGÓSLAVÍA - 5.10 <i>Stefán S. Smáráson - 2000</i>	XX M/ XX BOLTAR
4.	☐		
5.	☐		
6.	☐		
7.	☐		
8.	☐		
9.	☐		





BÓKMENNTA & LISTA SVÆÐI

1.	☐	ÓPIÐ - 5.11A <i>Jafet Bjarkar Björnsson - 2021</i>	7 M / 4 BOLTAR
2.	☐	ALMAR Í KASSANUM - 5.10A <i>Eyþór Konráðsson - 2021</i>	11 M / 7 BOLTAR
3.	☐	KARDEMOMMUBÆRINN - 5.10D <i>Jafet Bjarkar Björnsson - 2021</i>	11 M / 7 BOLTAR
4.	☐		
5.	☐		
6.	☐		
7.	☐		
8.	☐		
9.	☐		





GRJÓTGLÍMA Á STRÖNDUM

Eitthvað hefur verið stundað af grjótglímu á Ströndum, án þess þó að það hafi verið skráð niður á aðgengilegan stað.

Vitað er til þess að grjótglíma hafi verið stunduð í **BJARNARFIRÐI**, þeim syðri og svo á **GLÖGRI**, nálægt flugvellinum þar.

Eitthvað er af steinum sem bíða grjótglímuprauta undir Eiðishömrum og Steinstúni. Ekki er um gífulegt magn steina að ræða en þó nokkuð er í boði.

Einnig er líklegt að ef haldið er áfram eftir veginum upp að hömrnum og út í Munaðarnes, þá gæti verið eitthvað af góðu bergi til grjótglímu í fjörunni þar.



ÞRJÁTÍUDALASTAPI

Þrjátíudalastapi er klettadrangur sem stendur úti í fjöru við austanvert Krossnesfjall. Til að komast að stapanaum er best að aka veginn út að Krossneslaug. Þegar komið er að lauginni þarf að aka aðeins lengra og þá ætti hann að blasa við niðri í fjörunni. Stapinn er um 10-12 metrar á hæð

Fylgir sú sögn, að í fyrndinni hafi maður frá Kanada eða Bandaríkjunum klifið stapann og sett þar niður þrjátíu gulldali og sagt, að sá mætti eiga, sem klifið gæti stapann. Um eða eftir síðustu aldamót var stapinn klifinn af eyfiskum sjómanni, en ekki fann hann dalina. Sennilega hafa þeir fokið út á haf, ef að þeir voru þarna í fyrsta lagi.

Klifrið upp á Þrjátíudalastapa er ekki boltað og ekki stendur til að bolta það. Klifrið er dótaklifur og auðtryggjanlegt þar að auki. Auðvelt er að síga niður.

VESTURHLIÐ ÞRJÁTÍUDALASTAPA - 5.5
Óþekkt - í fyrndinni

12 M / **◇ BOLTAR**



VIÐAUKI

Viðaukinn inniheldur fyrst og fremst útskýringar á því hvernig hvert leiðanafn tengist inn á þema viðeigandi sectors og aðrar sögur eða atvik sem gætu tengst leiðunum. Athugið að raðað er í stafrófsröð en ekki eftir röðinni sem að leiðirnar koma fyrir á veggjunum.

SÖGU SVÆÐI

BASKAVÍGIN – Líkt og segir í kaflanum Norðurfjörður og nágrenni, þá settu Baskneskir hvalveiðimenn upp Hvalstöð á Ströndum og lifðu í sátt og samlyndi við heimamenn næstu tvö árin, eða til 1615. Upp komu deilur sem mátti rekja til stuldurs á harðfisk í kjölfar skipbrots. Baskar voru dæmdir útlægir af heimamönnum og 80 mönnum var slátrað í köldu blóði á örfáum dögum. Þetta er síðasta skráða fjödamorðið á Íslandi.

BLÓÐBAD – Leiðin var boltuð á tveimur dögum í ágúst 2016. Sex manna teymi var í þrjá daga að skoða þetta lítt þekkt klífursvæði. Þegar boltun var lokið þurfti annar leiðasmiðana að rjúka af stað í bæinn ásamt einum úr teyminu og skildu þau við hin fjögur sem hélt áfram að klifra í firðinum og prófa nýju leiðina. Þegar komið var í Reykjavík blasti við frétt á fréttamiðlum:

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/08/03/hlaut_opid_fotbrot_vid_klettaklifur/

Mjög ofarlega í leiðinni, þar sem erfiðustu hreyfingarnar eru, dettur klifrarinn alveg við tvist sem hún var ekki búin að ná að klippa í. Næsti bolti er það langt fyrir neðan að hún dettur og lendir á mjórri syllu og ökklabrotnar. Blóð spýtist út um allt, yfir alla leiðina, á línuna, tvistana og hressilega dropar á tryggjarann. Klifrarinn og teymið með henni höndlaði aðstæður eins vel og á er komist, stöðvuðu blæðingu, hringdu á hjálp, fengu börur og aðstoð björgunarsveita á svæðinu. Með því náðist að slaka henni niður brekkuna og í sjúkrabíl. Sjúkrabíllinn kom frá Hólmavík og skutlaði henni í sjúkraflug frá flugvellinum á Gjögri.

Nú hefur verið bætt við bolta á staðinn sem slysið varð og ætti leiðin því að vera orðin tiltölulega örugg núna.

Sögulega tenging þessarar leiðar er í sögu Stranda og svo sem Íslandssögunar í heild sinni því að hún einkennist af blóðugri fortíð. Þegar að galdrafárið stóð sem hæðst voru all nokkrir brenndir á báli eða myrtir á annan máta. Þetta tímabil er þekkt sem Brennuöld.

BLÓMIN Á ÞAKINU – Kveikjan af þessu nafni kemur af stóru barði sem skagar yfir leiðina, á því eru alskonar blóm og plöntur. Þessi leið vísar á tvennan hátt í sögu. Annars vegar er leiðin að vísa til húsakosta sem að Íslendingar hafa búið í öldum saman, torfbæina. Á þeim vex ýmislegt á þökunum, oftast gras en oft blóm eða aðrar plöntur. Oft var gripið til þess að setja kindur upp á þök torfbæja ef að sprettan í þakinu var orðin mikil. Hin tilvísunin í sögu er af öðrum toga, en hún vísar í barnabókina Blómin á þakinu sem kom fyrst út árið 1985 og er eftir Ingibjörgu Sigurðardóttir. Þessi tilvísun ætti betur við í Bókmennta og lista sectornum en sýnir á sama tíma hvað þema hvers sectors er teygjanlegt.

DALALÆÐA - Er þoka sem að myndast oft á kyrrum kvöldum og nóttum eftir sólríkan dag þegar að raki

við yfirborð nær að þéttast. Oft má sjá Dalalæðu leggja upp úr skurðum eða mýrum. Dalalæða er yfirleitt um mittisdjúp og flæðir hún fallega yfir umhverfi sitt. Árið 2008 var haldin kosning um fegursta orðið í íslensku máli. Orðið Dalalæða vann orðið kærleikur með naumindum. Árið 2013 var þessi keppni haldin aftur og var þá stærri og meiri um sig. Í það sinn stóðu orðin ljósmóðir og bergmál uppúr og hafði það fyrra sigurinn.

DRAUGAKÁLFURINN SLORSI – Kálfur sem gekk aftur í sveitinni og þurfti að særa í burtu.

ELDIBRANDUR – Þórður Kakali háði Flóabardaga gegn Kolbeini unga útfrá Trékyllisvík. Frá Þórði fóru tólf skip og yfir 200 manns. Hann sigldi út á Húnaflóa áður en að það gerði logn og fór bardaginn fram þar. Þórður hafði meðferðis heilan helling af grjóti sem var látið rigna yfir skip Kolbeins unga en einnig var logandi spýtum og lurkum kastað um borð, svokölluðum eldibröndum.

GALDRAFÁR – Nafnið vísar til galdraaldarinnar sem ríkti á ströndum og talað var um að á ströndum ríkti galdrafár. Á ströndum var fólk bæði hengt og brennt til að sporna við útbreiðslu galdra.

GRALLARINN Í GÚTTÓ - Nafnið vísar til Gúttóslagsins 1932. Bæjarstjórnarfundur var haldinn í Góðtemplarahúsinu (Gúttó) við Tjörnina um lækkun launa fyrir atvinnubótavinnu. Þetta var í miðri kreppu sem fylgdi mikil fátækt og mikil reiði var undirliggjandi. Þegar ljóst var að bæjarstjórn ætlaði ekki að láta af ákvörðun sinni brutust út mikil slagsmál þar sem lögreglan í Reykjavík endaði á að leggja á flóttu. Lögreglumenn voru þá eltir uppi og barðir til óbóta. 20 af 28 lögregluþjónum bæjarins tóku þátt og slösuðust þeir allir, 15 þeirra fengu alvarlega höfðuáverka. Margir lögregluþjónana biðu varanlegs skaða og þrír þurftu að láta af störfum. Ekki eru til góðar heimildir um hve margir af óeirðarmönnum særðust en talan fimm hefur verið nefnd í því samhengi og var enginn þeirra særður í líkingu við það sem lögregluþjónarnir hlutu. Það sem lögregluþjónunum þótti verst var að ofbeldismönnum var hælt sem hetjum, dómar þeirra lækkaðir, gerðir skilorðsbundnir og undirskriftasöfnun fór af stað sem krafðist fulrar náðunar á meðan enginn þakkaði lögregluþjónunum fyrir að fyrir að hafa lagt líf sitt í hættu við að verja kjörna bæjarfulltrúa fyrir skipulögðu ofbeldi.

GRJÓTKAST – Grjót var annað af tveim aðal vopnum sem voru notuð við Flóabardaga, ásamt Eldibröndum (Sjá nánar undir Eldibrandur).

LANDNÁM – Einn mikilvægasti hlekkur í Íslandssögunni er landnám Íslands. Leiðin er sú fyrsta sem var boltuð á Sögu sectornum og ein af allra fyrstu leiðum svæðisins.

NÁBRÆKUR – Eru galdraflíkur sem að reynt var að búa til á öldum áður. Til að byrja með þurfti að gera samning við mann, áður en að hann deyr. Eftir andlát þarf að grafa hann upp úr kirkugarði og fletta af honum skinnbuxunum, þ.e. allt skinn frá ofanverðu mitti og niðurúr. Mikilvægt er að ekki komi gat á skinnið við þessa aðgerð, því að þá munu buxurnar ekki virka. Til að virkja buxurnar að þessu loknu þarf að setja pening í punginn á buxunum. Mikilvægt er að stela peningnum frá fátækri ekkju á einni af þremur stórhátíðum ársins. Því næst er farið í buxurnar og eiga þær að gróa við mann, jafn óðum og farið er í þær. Erfitt er að fara úr þeim en það er hægt ef að annar aðili samþykkir að fara í þær. Sá aðili verður að fara í hægri skálmina jafnóðum og þú ferð úr þeim.

NORNAHÁR - Eru hárfínar glernálar sem geta orðið til í eldgosum. Oft finnast lokkar af nornahári á svæðum í kringum virk eldgos. Erfitt er að finna heimildir fyrir því hvernig nafnið er tilkomið en ætla má að fólk á árum áður hafi trúað því að eldgos séu ekki náttúruleg heldur stjórnað af nornum eða djöflum. Á

ensku er nornahár þekkt sem *Pele’s hair* eftir hawaiisku eldfjallagyðjunni Pele.

OTTOMAN - Þegar Rómverska heimsveldið var orðið of stórt til að Alexander hinn mikli gæti haft yfirsýn yfir það allt, þá var því skipt í tvennt. Austur hluti Rómverska heimsveldisins náði yfir botn Miðjarðarhafsins, það sem er í dag þekkt sem Grikkland, Tyrkland, Sýrland, Lebanon, Ísrael, Palestína, Jórdanía og Egyptaland. Síðar varð Austur Rómverska heimsveldið þekkt sem Byzantine heimsveldið. Innrás úr austri handsamaði keisara Bizantine heimsveldisins í lok 17. aldar. Skömmu síðar féll Bizantine heimsveldið og Ottoman heimsveldið varð til. Ottoman heimsveldið yfirtók stærra landsvæði en Bizantine hafði áður gert. Ottoman teygði sig út til Alsír og langt upp Balkansskagann inn í mið Evrópu. Ottóman heimsveldið leið formlega undir lok árið 1922 en í kjölfar þess var Tyrkland stofnað undir sama fána og því má segja að Tyrkland sé nútíma útgáfan af Ottoman heimsveldinu.

ÓLYMPIUFARI - Ólympíuleikarnir eru haldnir á fjörga ára fresti og hafa verið haldnir frá 776 BC en nútíma Ólympíuleikarnir hafa verið haldnir frá 1896. Ólympíuleikarnir eru í mörgum íþróttagreinum háleitasta markmið hvers íþróttamanns. Fyrir Ólympíuleikana 2020 var þremur nýjum íþróttagreinum bætt við leikana, brimbrettum, hjólabrettum og klifri. Vegna heimsfaraldurs kórónuveirunar voru leikarnir haldnir 2021, rétt áður en þessi leið var frumfarin. Keppt var í klifurþríþraut þar sem klifrarar tóku þátt í þremur klifurstílum, hraðaklifri, grjótglímu og leiðsluklifri og kepptu um eina medalíu. Á Ólympíuleikunum í Frakklandi 2024 verður klifri skipt niður á tvær medalíur, hraðaklifur annarsvegar og grjótglíma og leiðsluklifur hins vegar.

SAUÐUR Í BJARNARFELD - Í gegnum tíðina hefur það oft gerst að yfirvöldum er tilkynnt um að sést hafi til ísbjarnar á Vestfjörðum eða Norðurlandi. Eftir mikla leit hefur svo ítrekað verið komist að þeirri niðurstöðu að ísbjörninn ógurlegi sem sást til var sennilega bara kind að njóta lífsins eftir allt. Þessi leið er yfirhangandi og lítur frekar vígalega út en svo þegar lagt er af stað er hún ekki svo rosaleg. Góð grip alla leið upp á topp og aðallega pumpan sem þarf að hafa áhyggjur af.

SÍÐASKIPTIN – Miðast við árið 1550 þegar síðasti Kapólski biskupinn var tekinn af lífi og Íslendingar skiptu frá því að vera kapólikkar yfir í lútherstrú.

SÍLDARÁRIN - Með tilkomu betri veiðarfær, báta og tækni upp úr aldarmótunum 1900 tóku íslendingar að veiða síld í stórum stíl. á fjórða áratug síðustu aldar var einstaklega góð síldarveiði með tilkomandi hagsæld fyrir íslendinga. Á Ströndum lauk síldarárunum í kringum 1954 þó að vel veiddist enn fyrir austan landið fram til 1965. Sjá frekari upplýsingar um síldina við leiðina Týnda síldin.

TILBERI – Er galdravera sem yfirleitt er sköpuð af norn. Til að byrja með þarf að grafa upp mannsrif úr kirkjugarði og vefja það í gráan ullarflóka. Rifið þarf að bera við brjóst og ganga til kirkju. Við altari kirkjunar á í þrígang að spýta messuvíni í barminn og á rifið. Rifið á þá að lifna við og verða hinn svo kallaði tilberi. Aðal notagildi tilbera var að senda þá á næstu bæi til að stela mjólk frá kú og koma með aftur til tilberamóðurinnar. Að launum fyrir mjólkina þarf tilberinn að fá að sjúga blóð innanlæris á tilberamóðurinni.

TRÉKYLLIR – Saga segir að í trékyllisvík hafi eitt sinn strandað skip og grotnað þar niður. Einhverjum árum síðar var rekaviðurinn í víkinni nýttur ásamt skipsleifunum til að smíða nýtt skip. Það skip fékk nafnið Trékyllir og heitir víkin eftir skipinu sem smíðað var. Leiðin Trékyllir er í rauninni aðeins vísir af leið, byrjun eða leifar eftir því hvernig litið er á það. Trékyllir bíður þess að einhver gangi í verkið og fullklári sig úr því sem eð nú þegar komið og þeim efnivið sem til staðar er til að geta ýtt úr vör fullkláraðri leið.

TYRKJA-GUDDA - Eða Guðrún Símonardóttir var ein af 242 manneskjum sem var rænt frá Vestmannaeyjum í Tyrkjaráninu. Gudda var í þrældóm í Alsír í tæpan áratug áður en Konungur Danmerkur keypti nokkra Íslendinga lausa. Sonur Guddu, Sölmundur varð eftir í Alsír og tók upp Múhameðstrú.

TYRKJARÁNIÐ – Vísar til atburðar sem átti sér stað í Vestmannaeyjum, Grindavík og á Austfjörðum. Ránið átti sér stað á fyrrihluta 17. Aldar og var framið af sjóræningjum frá Algeirsborg í Alsír en ekki Tyrkjum eins og áður var haldið. Sjóræningjar fóru um og rændu fólki og drápu á þeim stöðum sem þeir fóru um. Fólkið sem var tekið var selt í ánaud í Algeirsborg. Þessi leið er við hildina á leiðinni Baskavígin og ferðast þær upp vegginn í talsverðu návígi. Þetta mynnir okkur á að Íslendingar voru ekki bara saklausir bændur og fórnarlömb. Íslendingar lentu bæði í grimmilegum atburðum og ofbeldi af hálfu aðkomumanna ásamt því að gera slíkt hið sama við saklausa aðkomumenn.

TÝNDA SÍLDIN - Á Íslandi hafa nokkrum sinnum gengið yfir síldarævintýri. Á Ströndum var talað um síldarævintýri á árunum 1917-1919. Seinna síldarævintýrið stóð yfir frá 1938-1954. Í Djúpuvík reis stæðsta síldarvinnsla landsins og bærinn taldi eina 500 manns þegar hæðst stóð. Að lokum færði síldin sig og hætti að koma inn á miðin og þá var lítið hægt að gera við síldarvinnsluna á Djúpavík. Leiðin speglar þetta frábærlega með litlu gripi nálægt toppi leiðarinnar. Með góðu ímyndunarafli lýtur það út eins og lítil síld og erfitt er að sjá gripið. Þetta er hins vegar lykiltak og án síldarinnar geriru lítið líkt og síldarvinnslan í Djúpuvík.

ÞORSKASTRÍÐIÐ - Í raun voru þrjú Þorskastríð háð við strendur Íslands. Það fyrsta varði frá 1958-1961, annað Þorskastríðið varði 1972-1973 og það þriðja 1975-1976. Í öll skiptin var kveikjan sú að Ísland stækkaði landhelgi sína eða efnahagslögsögu. Fyrst var landhelgin færð úr fjórum sjómílum upp í 12, í annað skiptið var lögsagan aukin í 50 sjómílur og í það þriðja var hún færð upp í 200 sjómílur. Þetta líkaði Bretum ekki því að nú náði lögsaga Íslands yfir svæði sem þeir voru vanir að veiða á. Bretar héldu áfram að veiða á svæðunum sem nú tilheyrdðu Íslandi og sendu þeir herskip til að vernda togarana. Varðskipið Ægir beitti íslensku uppfinningunni togvíraklippum og skar á öll togaranet sem veiddu ólöglega innan efnahagslögsögunnar. Eitt manntjón varð í Þorskastríðunum þegar að vélstjóri á Ægi fékk raflost við að laga viðgerðir eftir ásiglingu Breta. Í fjóra mánuði sleit Ísland stjórn málatengslum við Bretland og hótaði að ganga úr NATO. Eftir að minnstu munaði að meiri mannskaði yrði í maí 1976 þá funduðu fulltrúar beggja landa í Noregi og komust að samkomulagi.

TÆKNI & VÍSINDA SVÆÐI

AKADEMÍA - var forngrískur skóli stofnaður af Plató. Akademía stóð rétt fyrir utan Apenu og var starfrækt á milli 385 BCE og fram til 529 CE. Í dag eru Háskólar og aðrar fræðastofnanir þekktar sem akademíur. Þessi leið var notuð sem einskonar akademía til að miðla áfram réttum handtökum við boltun.

CORONAVIRUS - Árið 2020 geysaði heimsfaraldur bráðsmitandi sjúkdómsins covid-19. Þegar þetta er skrifað vinna vísindamenn að bóluefni sem vonandi kemur heiminum á réttan kjöl sem allra fyrst. Þessi leið er tveggja spanna og er sú fyrri tilbúin en seinni er opið verkefni fyrir áhugasama, verður sennilega um 5.8,

búið að hreynsa að mestu en vantar bolta.

DNA - Vísindatengingin er nokkuð augljós DNA er kjarnsýra sem myndar erfðaefni í öllum lífverum og er einn af hornsteinum líffræði og sameindalíffræði. Nafnið á leiðinni er tvíþætt og hin merkingin er einnig nokkuð augljós þegar horft er á leiðina. Leiðin er á stuðli sem stendur nokkuð stakur út úr veggnum og er

snúinn. Mynnir útlit hans talsvert á DNA kjarnsýru.

GRASAFRÆÐI - einnig þekkt sem plöntufræði eða plöntuvísind eða fræðigrein sem skoðar meðal annars skildleika, æxlun, sjúkdóma, vöxt og þróun plantna. Hreinsunin á þessari leið fór langt með að útskrifa leiðarsmiði sem grasافرæðinga.

KINDIN DOLLY - var fyrsta stóra spendýrið sem var klónað. Dolly fæddist í júlí árið 1996 og átti þrjár mæður, eina sem gaf egg, eina sem gaf DNA og eina sem gekk með Dolly. Dollý var kynnt fyrir heimsbyggðinni í febrúar 1997. Árið 2003 var Dolly lógað þar sem hún var hrjáð af gikt og lungnasjúkdóm.

IT MUST BE SOME KIND OF... HOT TUB TIME MACHINE - Er fræg lína úr samnefndri bíómynd. Í myndinni kemur tímaferðalag við sögu. Ekki er ljóst hvort að ferðalag aftur í tímann sé eðlisfræðilega mögulegt en ferðalag fram í tímann er mögulegt samkvæmt afstæðiskenningu Einsteins. Eftir því sem hlutir ferðast hraðar og hraðar nær ljóshraða líður tíminn hraðar miðað við kyrrapunkt.

LASER SHOW - Leysigeislar eru víða notaðir innan vísindanna. Slíka geisla má nota til að brenna eða skera með mikilli nákvæmni enda dreifist ljósið úr slíkum geislum mjög lítið. Svo má líka nota leysigeisla til að dansa í takt við tónlist, þar sem vísindi og list mætast.

NÝASTA TÆKNI OG VÍSINDI - Leiðin heitir eftir samnefndum þætti sem var á dagskrá á RÚV á árunum 1967-2004. Þátturinn kynnti til sögunar þróun í tækni á hinum ýmsu sviðum og nýjar vörur sem gætu komið á markað á komandi árum.

RITVÉLIN - Mikil framför varð í tækni sem var í boði fyrir almenning þegar að ritvélin kom á markað og fólk gat skrifað og prentað út skjöl á eigin heimilum.

STRENGJAFRÆÐI - er fræði á bakvið eðlisfræðikenningu. Kenningin heldur því fram að allir kvarkar innihaldi litla strengi af hreinni orku. Eftir því hvaða form strengurinn hefur og hvernig hann sveiflast verða til mismunandi kvarkar. Kvarkar koma svo saman og mynda eindir á borð við rafeindir, róteindir og nifteindir sem koma svo saman og mynda atóm.

ÍÞRÓTTA & LEIKJA SVÆÐI

GRETTISBELTIÐ - Elsti verðlaunagripur á Íslandi er Grettisbeltið sem veitt er fyrir sigur í glímu á Glímukeppni Íslands. Keppt hefur verið um Grettisbeltið frá 1906 og er því enn úthlutað á hverju ári. Sambærilegur gripur var gerður fyrir kvennglímu árið 2000 og ber sá gripur nafnið Freyjumenið.

KOLLHNÍS - Ein af grunnhreyfingum fimleika. Í kollhnís þá rúllar einstaklingur sér eftir gólfi með höfuðuð á undan, yfirleitt úr standandi stöðu. Í leiðinni þá byrjar klifrið á smá yfirhangi sem toppar svo út á slabb, hreyfingin þar á milli er hálfgerður kollhnís.

KRULLA - Vetraríþrótt þar sem tvö lið keppast um að renna stein eftir ís á skotmark. Það lið sem kemur stein nær miðju skotmarksins vinnur.

ÞÓGÓ - Boltaleikur sem er spilaður á ferningslaga velli, skiptum í fjóra jafnstóra ferninga. Fjórir

leikmenn spila í einu, hver í sínum fering og senda bolta sín á milli. Þegar bolti skoppar inn í þinn fering þá verður að senda hann á annan leikmann áður en hann skoppar aftur. Ekki má snerta boltann ef hann hefur ekki skoppað í þínum fering, aðeins má snerta boltann með höndunum og ekki má grípa hann eða skófla honum til, aðeins slá. Ef litið er á bergið í leiðinni má sjá útlínur á pógóvelli.

PÍLA - Pílukast er íþróttagrein þar sem pílum er kastað í píluborð. Píluborð er ólíkt bogfimi skotmarki að því leiti að stig fyrir kast hækka ekki eftir nálægð við miðju og svæðið sem gefur flest stig er ekki í miðjunni. Margar útgáfur eru til af pílukasts keppnum. Píla er einnig lag með Joey Christ ft. Lil Binni.

DÆGRARÐVALAR SVÆÐI

BLAÐAHLAUPARINN - Löng leið með beittum köntum einskonar blöðum jafnvel. Nafnið vísar til frægrar kvikmyndar frá 1982, Blade Runner með Harrison Ford í aðalhlutverki.

FIÐLARINN Í ÞAKINU - Leið sem fer í gegnum tvö þök og setur mann í stellingar sem mynna á fiðluleik. Nafnið

vísar til söngleiksins Fiðlarinn á þakinu (e. Fideler on the Roof) sem kom út árið 1964.

ÍSBJARNARBLÚS – Er lag af samnefndri plötu Bubba Morthens. Platan kom fyrst út árið 1980 og var þá í fimm vikur á top 10 vinsældarlista Vísis og náði þar hæðst í toppsætið. Ísbirnir hafa oft gengið á land á Íslandi. Til eru heimildir um tæpar 250 ísbjarnarkomur með í kringum 500 dýrum í heildina. Ísbjarnarkomurnar eru skráðar frá 890 og fram til þeirrar nýjustu árið 2016. Ísbirnir hafa oftast verið að stíga á land frá Hornströndum og austur um Norðurland, svo að Strandirnar og Norðurfjörður eru vel inni á þessu ísbjarnasvæði. Oftast koma birnirnir hingað í tengslum við hafís en þó er einnig vel þekkt að ísbjörn getur synt frá Grænlandi ef hann vill.

JAJA DING DONG - Vísar til kvikmyndarinnar Eurovision Song Contest: The Story of Fire Saga. Myndin gerist á Íslandi af stórum hluta og fjallar um húsvíkska dúóið Fire Saga sem ætla að reyna að vinna Eurovision með litlum stuðning að heiman, enginn vill heyra keppnislagið þeirra bara gamla slagarann þeirra Jaja Ding Dong.

SUNDANCE - Er stærsta sjálfstæða kvikmyndahátíðin í Bandaríkjunum með ríflega 40.000 gesti og hefur verið haldin hátíðleg frá 1978.

LANDAFRÆÐI SECTOR

JÚGÓSLAVÍA – Júgóslavía varð til í kjölfar fyrri heimstyrjaldarinnar og var að stórum hluta gerð úr landi sem áður tileyrði Ungverjalandi. Mikil spennna var í Júgóslavíu en ágætlega gekk að halda henni í lágmarki allt til 1980 þegar að Júgóslavía tók að liðast í sundur. 13 árum síðar, 1993, hafði Júgóslavía skiptst upp í: Slóveníu, Króatíu, Bosníuog Hersagóvínu, Svartfjallaland, Serbíu og Makedóníu. Nafnið merkir land suður slavana og vísar til skildleika þeirra við norður slavana í Póllandi og nágrannalöndum þess.

TÉKKÓSLÓVAKÍA – Varð einnig til úr landi sem áður tilheyrði Ungverjalandi í lok fyrri heimstyrjaldarinnar. Pólitískst ósætti var á milli Tékkka og Slóvena, þar sem erfiðlega gekk að komast að samkomulagi með marga hluti sem lutu að stjórnun landsins. Sátt komst á að sennilega væri bara best að skipta landinu í tvennt. Var það gert 1. janúar 1993. Nýju löndin nefndust Tékkland og Slóvakía.

BÓKMENNTA & LISTA SECTOR

ALMAR Í KASSANUM - Leiðin vísar í listagjörning þar sem Almar Atlason dvaldi nakinn í glerkassa í heila viku. Streymi var frá kassanum allan tíman og mátti þar sjá Almar gera hina ýmsu hluti. Gjörningurinn varð mjög frægur á skömmum tíma og streymið fékk mikið áhorf. Almar fór inn í kassann alls laus og treysti á góðmennsku fólks til að koma með helstu nauðsynjar til sín.

KARDEMOMMUBÆRINN - Er bók eftir Thorbjörn Egner sem heitir Fólk og ræningjar í Kardemommubæ. Í bókinni er fylgst með ræningjunum Kasper, Jesper og Jónatan, Bastían bæjarfógeta, Soffíu frænku og fleiri. Bókin hefur ótal sinnum verið sett upp sem leikrit og gengur þá yfirleitt undir nafninu Kardemommubærinn.

ÓPIÐ - Er málverk eftir norska expressionistann Edward Munch. Málverkið fékk upphaflega tvo titla, *Der Shrei der Natur* á þýsku og *Shriek* á norsku en er nú best þekkt undir nafninu *The Scream*. Edward málaði fjórar útgáfur af verkinu, tvær með olúmálningu og tvær með pastell litum. Báðum máluðu útgáunum hefur verið stolið en svo komið aftur í leitirnar. Ein útgáfa verksins var seld á uppboði árið 2012 fyrir 120 milljón dollara og er það fjórða dýrasta málverk sögunar.

HEIMILDASKRÁ

1 - Wikipedia <https://is.wikipedia.org/wiki/Strandasýsla>

2 - https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/02/10/hlutu_varanlega_averka_vid_gutto/